

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2025

2025/EES/38/47

frá 14. mars 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/216 frá 6. febrúar 2025 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2024 til 30. mars 2025 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2883) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„1zzg. **32025 R 1289**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1289 frá 6. febrúar 2025 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2024 til 30. mars 2025 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Stjtíð. ESB L, 2025/216, 7.2.2025).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2025/0216, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2025/216, 7.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/216/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.